

Byggðasafn Árnesinga

Ársskýrsla 2015



Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2015	3
Starfsfólk	4
Húsakynni	4
Viðgerðir og viðhald	5
Skráningarkerfi og aðföng	6
Gefendur 2015	7
Aðstaða til varðveislu	7
Rannsóknir	7
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2015	8
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	13
Rjórabúið á Baugsstöðum	14
Samstarf	15
Fundir, námskeið og ráðstefnur	16
Kynningar- og markaðsmál	16
Kirkjubær	17
Héraðsnefnd og stjórn	18
Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2015 og eigið fé	19



www.husid.com



Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Björn Ingi Bjarnason tók forsíðumyndina 9. ágúst 2015 á 250 ára afmæli Hússins á Eyrarbakka.

Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundnum hætti árið 2015. Við söfnin var unnið að verkefnum samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Hjá safninu fer fram öflugt innra starf. Við safnið fer fram stöðug söfnun á munum sem vert er að varðveita. Er það í samræmi við hlutverk safnsins samkvæmt stofnskrá en þar segir: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“ Safnað er eftir söfnunarstefnu. Skráð er í gagnagrunninn Sarp sem sýnilegur er á www.sarpur.is Við safnið fer jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla í geymslum, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Safnið hefur miðlað á sýningar á Suðurlandi. Finna má gripi frá safninu á ýmsum stöðum á sýningum á vegum sveitarfélaga, samtaka og einstaklinga.

Fjórar sérsýningar voru settar upp á árinu. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum. Beitningaskúrinn var opin eftir þörfum. Leiksýning var í Sjóminjasafninu og haldið var með veglegum hætti upp á 250 ára afmæli Hússins á Eyrarbakka. Jólasýningin var sett upp í desember.

Byggðasafn Árnesinga keypti húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka í desember 2011 og hyggst nýta til sýningahalds. Unnið var að uppsetningu sýningar í Kirkjubæ og umhirðu garðsins sinnt.

Opnunartími og gestafjöldi 2015

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 1. maí til 30. september kl. 11-18. Einnig var safnið opnað um páskana, á safnahelgi í nóvember og einn dag milli jóla og nýárs. Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum. Almennur aðgangseyrir var kr. 800.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2015 varð 4.904 þar af 1.824 erlendir gestir og 138 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2014 varð 4.381, þar af 1.680 erlendir gestir og u.þ.b. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2013 varð 4.693, þar af 1.636 erlendir gestir og upb. 130 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og upb. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áræðanleg talning starfsmanna. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Á árinu urðu miklar umræður um leiðir til að fjölga gestum í safnið en ýmsum þykir gestafjöldinn rýr t.d. miðað við fjöldann sem sækir Skógasafn. Á það verður að líta að Eyrarbakki er ekki fjölsóttur ferðamannastaður og ekki í þjóðleið. Stórar ferðaskrifstofur hafa ekki séð sér ástæðu til að beina ferðum sínum í söfnin á Eyrarbakka.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 171 í gestabók. Mun fleiri komu sem ekki skrifuðu. Gestir komu í margvíslegum erindagjörðum. Árið 2014 skrifuðu 190 gestir í gestabók. Árið 2013 skrifuðu 154 nafn sitt í gestabókina og 2012 skrifuðu 103.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, MA í hagnýtri menningarmiðlun, *safnstjóri* í 100% stöðu. Starfsvið safnstjóra er víðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks.

Linda Ásdísardóttir íslenskufræðingur BA og MA í safnafræði, *safnvörður* í 100% stöðu. Hennar verkefni felast fyrst og fremst í skráningu og margvíslegri umsýslu safnmuna, uppsetningu sýninga, sömuleiðis leiðsögn og gæslu.

Jón Tryggvi Unnarsson starfaði í gæslu um sumarið bæði í Húsinu og Sjóminjasafninu.

Ruth Ásdísardóttir bókmenntafræðingur stóð vaktir í Húsinu og Sjóminjasafninu um sumarið.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu og leiðsögn í Húsinu yfir sumartímann.

Andri Erlingsson ensku- og sagnfræðinemi tók vaktir í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Hann sá einnig um að halda Rjómaþúinu á Baugsstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst.

Lena Sigmundsdóttir er ræstitæknir safnanna.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Súsanna Torfadóttir garðyrkjufræðingur og maður hennar Ásmundur Þórir Ólafsson unnu um sumarið við umhirðu garðsins í kringum Kirkjubæ.

Húsakynni

Ellefu hús tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öll leyti.



Þjónustuhús með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna er að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka.

Húsið og Assistantahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrin og útihúsin.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59, Mundakotsskemmu, geymsla að Þykkvaflöt 2 og Beitningaskúrin við Óðinshús.

Umsjón muna þurfiðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Töluverður þrýstingur myndaðist meðal heimamanna um að bæta miðlun í þurfiðarbúð. Er það á döfinni.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjórabúsins á Baugsstöðum.

Byggðasafn Árnesinga keypti í árslok 2011 húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka og hyggst nýta til sýningahalds.

Viðgerðir og viðhald

Í júní og júlí unnu málarar frá Litalausnum að því að tjarga Húsið og mála Assistantahúsið. Nokkur ár eru liðin frá því Húsið var tjargað og Assistantahúsið var síðast málað 2009. Verkið hófst í lok júní og unnu Þorkell Ingi Þorkelsson löggiltur málameistari og 3-4 málarar á hans vegum hörðum höndum að málningarvinnunni þegar veðurskilyrði voru hagstæð. Er allt annað að sjá byggingarnar eftir yfirferð þessara ágætu handverksmanna.

Húsið var tjargað hátt og lágt tvær umferðir, einnig fóru tvær umferðir af málningu á Assistantahúsið. Mikið verk fólst í undirbúningsvinnunni. Samhliða málningar- og tjörgunarvinnunni var gert við reyksháf Assistantahússins og brunninn. Þriðja umferð af tjöru

verður sett á Húsið vorið 2016.



Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919 og ljóst er t.d. að fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu

með steiptum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt. Á árinu 2014 var Hjallurinn gerður upp. En árið 2015 var miðhúsið eða fjárhúsið gert upp. Bárujárnið var tekið af þaki og veggjum og grindin styrkt og nýjar fjalir settar á grindina. Skipt var um alla glugga. Ysta klæðning á veggjum og þaki varð tjörupappi festur með listum. Gert er ráð fyrir að Byggðasafn Árnesinga verði með viðeigandi safnmuni þar til sýnis í framtíðinni. Jón Karl Ragnarsson húsasmíðameistari og Jón Ragnar Daðason tréskipasmiður unnu að endurgerð fjárhússins fyrir Þjóðminjasafn Íslands.

Enn bíður viðgerð á Mundakotsskemmu. Er orðið aðkallandi að skipta um klæðningu á langhliðum og þaki. Það er varla forsvaranlegt að varðveita gamla gripi þegar húsinu hrakar frá ári til árs.

Skráningarkerfi og aðföng

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Á árinu 2011 var farið að skrá í gagnagrunninn Sarp 3.0 sem þróaður hefur verið undanfarin ár. Rekstrarfélag Sarps opnaði með formlegum hætti ytri gátt gagnagrunnsins í september 2013. Slóðin er www.sarpur.is og geta allir með nettengda tölvu skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að endurbæta skráninguna og ljósmynda gripi fyrir Sarp.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira.

Skráð voru 25 afhendingar við söfnin á árinu 2015, munir og ljósmyndir. Drjúgur tími 2015 fór í að endurbæta skráningu.



Í árslok 2015 voru flest aðföng síðustu ára skráð.

Enn á þó eftir að skrá muni úr dánarbúi Helga Ívarssonar, muni frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka og u.þ.b. helming af aðföngum 2015.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2015:

Munir: 7.245, nýskráðir voru 45 munir. Ljósmyndir voru 6.572 og voru 138 ljósmyndir nýskráðar á árinu. Fornleifar skráðar í Sarp: 915.

Meðal muna sem safninu bárust skal hér nefna silfurskál sem var fyrrum í Húsinu, gefandi Kirsten Wolf í Kaupmannahöfn, Richard Purinton og fjölskylda á Washington-eyju á Michigan-vatni gaf bjarghring úr ferjunni Eyrarbakki, Óskar Þór Sigurðsson gaf ljósmyndastækkara Björns Sigurbjarnarsonar á Selfossi, Kristján Sigurðsson gaf ljósmyndir og ýmislegt fleira skylt úr fórum afa síns Kristjáns Jóhannessonar kaupfélagsstjóra á Eyrarbakka. Brynjólfur Brynjólfsson gaf ýmsa muni frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka m.a. madrósa-föt sem hann notaði sem barn.

Gefendur 2015 voru:

Hlökkver Þorsteinsson, Guðrún Thorarensen, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Kristen Wolf, Reynir H. Jónsson, db. Unnar Guðmundsdóttir frá Túni í Flóa, Benedikt Elínbergsson, sr. Gunnar Kristjánsson, Gyða Sveinbjörnsdóttir, Richard Purinton og fjölskylda, Gísli Kristjánsson, Hildur Hákonardóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir, Leikskólinn Brimver, Sigurlína Eiríksdóttir, Gylfi Pálsson, Arnór Guðmundsson, Stefanía Magnúsdóttir frá Flögu, Óskar Þór Sigurðsson, Guðbjörg Guðjónsdóttir, Jón Berg Halldórsson, Erlingur Brynjólfsson, Siggeir Ingólfsson, Kristján Sigurðsson, Gunnar I. Olsen, Brynjólfur Brynjólfsson og Garðar Eiríksson.

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga er góð aðstaða til varðveislu safnmuna en viðunandi víðast annarsstaðar. Mundakotsskemma líður fyrir skort á viðhaldi og er aðgerða þörf. Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi að auki.

Árið 2012 vann fyrirtækið forvarsla.is úttekt á ástandi safngripa sem síðan hefur verið notuð til leiðbeiningar við fyrirbyggjandi forvörslu hjá safninu. Gengið hefur verið frá safnmunum í öskjum og sýrufrír pappír hafður utan um. Allt er það gert til að tryggja varðveislu til framtíðar.

Rannsóknir

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið Húsið á Eyrarbakka sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna tvo áratugi.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð á árinu 2014. Afrakstur þess rannsóknarstarfs verður hægt að finna á sýningum safnsins í Kirkjubæ í framtíðinni.

Saga Byggðasafns Árnesinga var skrifuð af Jóni M. Ívarssyni sagnfræðingi frá Vorsabæjarhóli til birtingar í ritinu *Byggðasöfn á Íslandi*, sem kom út á árinu sem Rannsóknarsetur í safnafræðum við Háskóla Íslands gaf út. Jón hafði skrifað námritgerð í sagnfræðinámi sínu fyrir 10 árum og var ritgerðin uppfærð af honum með aðstoð Lýðs Pálssonar safnstjóra.

Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Byggðasafnið stóð fyrir umfangsmikilli söfnun reynslusagna í kjölfar skjálftans mikla og bærust alls 70 frásagnir, 27 örsögur og 202 teikningar barna ásamt nokkrum ljósmyndum. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynsla fólks af sínum samtíma. Fleiri gögn sem snúa að lífsháttum bæði fornum og nýjum bíða skráningar og verða með tímanum aðgengileg á vefsíðu Sarps www.sarpur.is.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á vefsíðunni www.husid.com er afrakstur rannsóknastarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Linda Ásdísardóttir sat í stýrihóp Norsam, netverk samtímasöfnunar og -rannsókna á Norðurlöndum árið 2015. Sótti hún einn fund í Danmörku á árinu en var í netsambandi að öðru leyti. Unnið hefur verið við samtímasöfnun við Byggðasafn Árnesinga allt frá árinu 1999 og hefur safnið verið mjög virkt á þessu vettvangi undanfarin ár, bæði með sýningarhaldi og þátttöku í stórum samstarfsverkefnum.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2015

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka fer aðallega fram í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka og í sýningahúsi að Túngötu 59. Ákveðnu rými í báðum



söfnunum
er ætlað til
sérsýninga




og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum.

Á þorra var boðið upp á sýningu um þorrann fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekkir grunnskóla.

Fiskur í gamla hjallinn. Fiskur var settur í gamla hjallinn norðan við Húsið í febrúar. Góðvinir safnsins Guðjón Kristinsson og Haukur Jónsson útgerðarmaður lögðust á eitt um að hrinda þessu í framkvæmd. Guðjón flatti fiskinn með fornu verklagi þar sem fiskurinn er hengdur upp bandalaus og eru fáir sem kunna þau handbrögð í dag. Spyrtur fiskur var einnig hengdur upp í hjallinn til samanburðar. Einnig verkaði Guðjón hausa með tvennu lagi. Haukur sem ásamt öðrum gerir út bátinn Mána II ÁR frá Eyrarbakka lagði til fiskinn.

Páskasýning í Húsinu. Jón Ingi Sigurmundsson hélt málverkasýningu í borðstofu Hússins á Eyrarbakka um páskana. Opið var frá 28. mars til 6. apríl kl. 13 til 17, sömuleiðis helgina 11.-12. apríl á sömu tímum. Sýningunni var lokað á Vori í Árborg dagana 23.-26. apríl. Á sýningunni voru aðallega vatnslitamyndir en einnig nokkrar olíumyndir. Jón Ingi er fæddur á Eyrarbakka árið 1933 en hefur starfað við kennslu og tónlistarstörf á Selfossi. Hann hefur auk þess lengi fengist við myndlist og haldið fjölda einkasýninga, flestar á Suðurlandi en einnig á Norðurlandi og í Danmörku.

Vitus Bering í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Danski leikarinn Sejer Andersen flutti einleikinn **Vitus Bering** í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka laugardaginn 11. apríl kl. 15 og sunnudaginn 12. apríl kl. 17. Sejer Andersen er vel kunnur leikari í Danmörku. Hann rekur **Vitus Bering teatret** í Kaupmannahöfn og hefur farið með þennan einleik um víða veröld. Einleikurinn er eftir Gregers Dirckinck-Homfeld en tónlistina samdi Bo Holten. Vitus Bering var danskur landkönnuður sem líkja mætti við Kristófer Kólbumbus. Hann var fæddur í Horsens 1681 og dáiinn á Beringseyju í Kyrrahafinu árið 1741. Hann var siglingafræðingur og höfuðsmaður í rússneska sjóhernum. Hann fann Beringssund 1728, kannaði Aljútaeyjar og sigldi meðfram strönd Alaska 1741 og lagði þannig grunninn að landnámi Rússa þar. Við Vitus Bering eru Beringssund og Beringshaf kennd. Eins og áður segir þá var einleikurinn fluttur í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Sejer Andersen sat í árskipinu Farsæl og flutti þaðan leikritið um landkönnuðinn danska. Gestir sem urðu margir sátu sitthvöru megin við áraskipið. Einleikurinn var fluttur á dönsku en íslenskum texta varpað á vegg. Um textastjórn sá Elísabet Valtýsdóttir og Jón Tryggvi Unnarsson um leikhljóð.



Vor í Árborg. Húsið á Eyrarbakka var opið á menningarhátíðinni Vor í Árborg frá sumardegnum fyrsta 23. apríl til sunnudagsins 26. apríl kl. 13-17. Í borðstofu var sýning Jóns Inga Sigurmundssonar og voru síðustu forvöð að sjá þessa fallegu sýningu. Samsöngur var í stásstofu Hússins kl. 14-17 á sumardegnum fyrsta. Bakkinn alþýðutónlistarhátíð var sett með samsöng við undirleik Inga Vilhjálmssonar. Þar söng hver með sínu nefi. Tónleikar voru í stásstofu Hússins kl. 16 á laugardegnum. Söngparið Unijon héldu tónleika sem voru hluti af Bakknum alþýðutónlistarhátíðinni. Unijon fluttu ljúfa tóna eins og þeim einum er lagið.

Sumaropnun. Sumartími gekk í garð hjá söfnunum á Eyrarbakka, Húsinu og Sjóminjasafninu 1. maí og var opið til 30. september. Þar var opið alla daga kl. 11-18 og eftir samkomulagi á öðrum tímum. Hið stórmerka 250 ára gamla hús var sem fyrr aðal aðdráttaraflíð og í Sjóminjasafninu hinn einstaki gripur áraskipið Farsæll stærstur safnmuna.

Konur, skúr og karl. Sumarsýning Byggðasafns Árnesinga opnaði í borðstofu Hússins sunnudaginn 17. maí kl. 16. Þar var fjallað um þrjá ljósmyndara sem störfuðu á Stokkseyri á árunum kringum aldamótin 1900. Þetta eru þau, Margrét Árnason Möller, Lára Ólafsdóttir og Ingimundur Eyjólfsson. Á sýningunni var varpað ljósi á starfsferil þeirra þriggja og sýnishorn af ljósmyndum þeirra frammi. Sýningin var sérstaklega tileinkuð 100 ára kosningarétti kvenna. Sýningin var opnuð á Íslenska safnadeginum.



Íslenski safnadagurinn var nú í fyrsta sinn haldinn hátíðlegur í tengslum við alþjóðlega safnadaginn 18. maí, og fór fram sunnudaginn 17. maí 2015. Boðið var upp á leiðsögn um sýninguna sunnudaginn 27. september og var hún vel sótt. Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn að frumkvæði Alþjóðaráðs safna ICOM 18. maí ár hvert. Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi safna í þróun samfélagsins en dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur með ýmsum hætti frá árinu 1977 um allan heim. Yfirskrift dagsins er að þessu sinni „söfn í þágu sjálfbærni“ en ein af helstu áskorunum samtímans er að þróa lifnaðarhætti sem stuðla að verndun náttúruauðlinda, aukinni samvinnu og sjálfbærni samfélaga. Í tilefni Íslenska safnadagsins var ókeypis aðgangur í söfnin á Eyrarbakka. Meðfylgjandi ljósmynd er tekin af Láru Ólafsdóttur og sýnir Eugeniu Th. Nielsen faktorsfrú í Húsinu ásamt dætrum sínum Guðmundu og Karenu og Halldóru Guðmundsdóttur úr Kirkjuhúsi sem er í íslenskum peysufötum. Myndin er tekin um aldamótin 1900 af Ingimundi Eyjólfssyni. Sýningin var styrkt af Safnasjóði og Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Bakkabruín. Um vorið var samstarfi komið á við Bakkastofu sem hjónin Ásta Krístrún Ragnarsdóttir og Valgeir Guðjónsson reka á Eyrarbakka. Þau taka á móti hópum, segja sögur og flytja tónlist og koma svo með hópana í Húsið á Eyrarbakka og Eyrarbyggjakirkju. Ásta Krístrún er afkomandi hjónanna Sylvíu og Guðmundar Thorgrímson sem voru húsráðendur í Húsinu 1847-1886. Bakkastofa kom með marga hópa í Húsið á Eyrarbakka á árinu og tók safnstjóri gjarnan við hópunum og fræddi um merka sögu Hússins á Eyrarbakka.

Fjölmargar móttökur hópa. Stór hluti gesta safnsins kemur í skipulögðum hópum og taka fastir starfsmenn safnsins gjarnan á móti hópunum, bjóða þá velkomna og fræða um sögu Hússins á Eyrarbakka og um þá fjölmörgu safnmuni sem þar er að finna. Leiðsögn þessi hefur verið fastur liður í móttöku gesta frá árinu 1995 og sjálfsögð þjónusta.

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 20. júní og var þá líf og fjör. Dagskrá var fyrir börn og fullorðna við Sjóminjasafnið um morguninn. Brúðuleikhúsið kom og flutti leikrit. Nokkrir Eyrbekkingar opnuðu heimili sín upp á gátt. Raddbandakórinn ræksti sig í Húsinu um kvöldið. Heimir Guðmundsson, sem fæddur er í Húsinu árið 1944, leiddi fjöldasöng í stásstofunni og spilaði á elsta píanó á Suðurlandi. Skólasöngvarnir og fleiri kvæðakver voru dregin fram og hver söng með sínu nefi. Fjölmennti kom eins og ávallt.

Aldamótahátíð á Eyrarbakka var haldinn að forgöngu áhugafólks um aldamótahátíð 8. ágúst. Dagskráin var með aldamótasniði með skruðgöngu, kappslætti, fornbílaakstri, sýningum, söngvum og dansi auk þess sem blásið var til brúðkaups hænu og hana í Samkomuhúsinu Stað. Aldamótaaðgangseyrir var að söfnunum og túnið opið sem vettvangur dagskráratriða sem og torgið fyrir kjötsúpuát. Boðið var upp á sögustund í Húsinu þar sem Hildur Hákonardóttir sagði sögur af vesturförum.



250 ára afmæli Hússins. Það var fyrir 250 árum eða sumarið 1765 að Húsið var reist. Jens Lassen hét fyrsti kaupmaðurinn í Húsinu en hann var mikill bóndi en síður kaupmaður. Í tilefni 250 ára afmælis Hússins var boðað til afmælishátíðar þann 9. ágúst kl. 14 og var aðsókn meiri en búist var við sem sýnir hvaða sess þessi aldna og virðulega bygging hefur í huga fólks. Mannfjöldi fór að safnast í Húsið upp úr hálf tvö, rétt fyrir tvö var ákveðið að halda

dagskrána í Eyrarbyggakirkju. Fjölmeiri erindi og ávörp voru flutt á hátíðardagskránni sem tókst með ágætum. Þau sem tóku til máls voru Lýður Pálsson safnstjóri sem stýrði dagskránni, Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson las valda texta um Húsið, Valgeir Guðjónsson söng frumsamið lag við ljóð sr. Matthíasar Johncumssonar um Guðmund Thorgrímsen, Halldór Blöndal ræddi um hjónin í Háteigi sem eignuðust Húsið 1932 og Guðmundur Ármann Pétursson fræddi um árin sín í Húsinu.

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Ari Björn Thorarensen formaður Héraðsnefndar Árnesinga og Arna Ír Gunnarsdóttir formaður fagráðs Byggðasafns Árnesinga ávörpuðu samkomuna. Síðan var gestum boðið í Húsið. Hlín Pétursdóttir söngkona, Jón Sigurðsson píanóleikari, Bryndís Björgvinsdóttir sellóleikari og Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari sáu um tónlistardagskrá í stásstofu Hússins þar sem leikin var tónlist tengd Húsinu. Gestir snæddu veitingar og meðal



annars var stór afmælisterta sem Guðnabakarí á Selfossi á heiðurinn af. Afmælishátíðin var vel sótt og gleði ljómaði af hverju andliti en talið er að um 250 manns hafi sótt samkomuna.

Byggðasafn Árnesinga var þátttakandi í Safnahelgi á Suðurlandi helgina 30. október til 2. nóvember.

Altarisdúkar voru í sviðsljósinu á Byggðasafninu á Eyrarbakka á Safnahelgi þegar kynnt var verkefnið

Altarisdúkar í kirkjum á Suðurlandi. Verkefnið er hluti af stærri rannsókn *Altarisdúkar í íslenskum kirkjum* og að henni vinna Jenný Karlsdóttir og Oddný E. Magnúsdóttir. Ljósmyndir og önnur gögn úr verkefninu voru til sýnis í borðstofu laugardag 31. október og sunnudag 1. nóvember kl. 13-17 báða dagana. Jenný og Oddný tóku á móti gestum. Verkefnið felur í sér að kanna gerð altarisdúka, ljósmynda þá og skrá upplýsingar. Sérstök áhersla er lögð á að skoða munstur og vinnsluaðferð handunninna dúka. Þegar hafa verið skoðaðir altarisdúkar á öllu norðanverðu landinu, þ.e. frá Langanesi vestur í Djúp. Auk þess er vinna hafin á Austurlandi og Borgarfirði syðra og Mýrum.

Málstofa um byggð og samfélag í Árnessýslu á 18. öld. Byggðasafn Árnesinga og Sögufélag Árnesinga í samvinnu við Háskóla Íslands efndu til málstofu um byggð og samfélag í Árnessýslu á 18. öld fimmtudaginn 5. nóvember. Málstofan var hluti af námskeiði í sagnfræði og greindu sex sagnfræðinemar frá rannsóknum sínum um efnið. Kennari námskeiðsins er Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur. Málstofan hófst kl. 19 og var opin öllum.

Bókaupplestur og jólasýning í Húsinu. Til stóð að halda bókaupplestur og hafa jólasýningu safnsins opna 5. desember. Þá viðraði ekki vel og var jóladagskránni frestað til 29. desember. Fjórir rithöfundar lásu úr verkum sínum í stásstofu Hússins. Guðmundur Brynjólfsson las úr sinni spaugilegu hörmungarsögu *Líkavöku*, Einar Már Guðmundsson færði síðan gesti inn í allt aðra veröld í skáldsögunni *Hundadagar*. Anna Rósa Róbertsdóttir fjallaði um bókina *Vörubílstjórar á vegum úti* en þar er rakin saga Mjöltnis, félags vörubílstjóra og Yrsa Sigurðardóttir sló svo botninn í þessa beittu dagskrá með upplestri úr spennutryllinum *Sogið*. Jólasýning Byggðasafns Árnesinga í Húsinu Eyrarbakka var opin sama dag frá kl. 16 til 20 og var jólakaffi á boðstólunum.

Jólatré á farandsfæti. Hið merka jólatré frá Hruna í Hrunamannahreppi sem Byggðasafn Árnesinga varðveitir fór þessi jólin aftur í sína heimasveit um jólin og var hluti af jólamessunni í Hrunakirkju á jóladag. Í tilefni af 150 ára afmæli Hrunakirkju var jólamessan með sérlegum glæsibrag og þar fékk gamla spýtutréð virðingarsess. Jólatréð var skreytt lyngi á hefðbundin hátt og kertaljósín voru tendruð meðan messað var á jóladag. Prestfrúin í Hruna árið



1873 var hin danska Kamilla Briem gift sr. Steindóri Briem. Hún fékk bóndann á Þverspyrnu Jón Jónsson til að smíða fyrir sig þetta veglega spýtujólatré samkvæmt danskri fyrirmynd. Tréð hefur verið einstakt á Íslandi hátt og breitt um sig svo ekki hefur það passað nema í stóra stofu. Tréð barst safninu árið 1955 að gjöf frá Elín Steindórsdóttir í Oddgeirshólum dóttur Kamillu og Steindórs. Þetta var í fyrsta sinn sem tréð fer í heimsókn á sinn upprunastað og var sérlega ánægjulegt að vita til þess að einn gesta á jólamessunni var Ólöf Elísabet Árnadóttir dóttir Elínar. Ólöf man vel eftir trénu frá sínum uppvaxtarárum í Oddgeirshólum.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.



Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands Íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta.

Í forsal Sjóminjasafnsins var á árinu 2013 sett upp skjásýning með ljósmyndum af gömlum vélbátum frá Eyrarbakka. Um var að ræða stafræna endurvinnslu á sýningu frá árinu 1997 sem

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka stóð fyrir í Samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka um sögu vélbátanna á Eyrarbakka.

Beitningaskúrin sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta gjarnan við í Beitningaskúrnum. Sýningin í Beitningaskúrnum vekur athygli á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuaðferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrin var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útflattur bátur á vesturhlíð hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrin vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit.

Gamli slökkvibílinn sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er haldið við og er hann gangfær.

Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið

og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan haldið bílnum við og lagfært eftir þörfum. Bíllinn er varðveittur í Nýjabæ í Sandvíkurhreppi.

Aðalviðburður ársins var uppsetning leiksýningar um Vitus Bering í apríl. Danski leikarinn Sejer Andersen kom og flutti leikþáttinn tvisvar helgina 11.-12. apríl við góða aðsókn.

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar. Sveitarfélagið Árborg sótti um styrki til að gera upp búðina sem látið hefur á sjá undanfarin ár og var hún gerð upp á árinu 2013. Í ársbyrjun 2015 átti eftir að setja glugga í ljóra og ganga frá útihurð. Var það gert á árinu og jafnframt raflýsing endurbætt. Til stendur að færa meira líf í búðina og bæta miðlun.

Rjómbúíð á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómbúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búíð varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómbúíð er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.



Úr Rjómbúinu á Baugsstöðum. (Ljós. Gunnar Sigurgeirsson)

Andri Erlingsson sá um gæslu í rjómbúinu um helgar í júlí og ágúst. Siggeir Ingólfsson hefur einnig lykla að rjómbúinu, opnaði hann fyrir nokkrum hópum og sinnti smávægilegu viðhaldi.

Bárujárnið sem sett var á rjómbúíð um 1971 er farið að lýjast. Sömuleiðis eru gluggar farnir að láta á sjá. Verður það verkefni næstu ára að skipa um bárujárn og glugga eftir því sem fjárhagur leyfir. Styrkur fékkst frá Húsafriðunarsjóði til að lagfæra eina hlið á húsinu. Ekki tókst að nýta styrkinn fyrir árslok en vænta má iðnaðarmanna með vori 2016.

Í stjórn Rjómbúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari.



Til sölu í Rjórabúinu er ritið Rjórabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjórabúið á Baugsstöðum en 602 gestir árið 2009. Rjórabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga. Jafnframt er send út fréttatilkynning til fjölmiðla í byrjun júlí þegar helgaropnun hefst. Fyrirhugað er að koma upp einfaldri síðu á Facebook.

Samstarf

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem hafa áhrif á starfsemi safnsins. Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Samkvæmt lögunum geta einungis viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknaskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahald og fyrirkomulagi sýningahalds. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Forvörður þjóðminjasafnsins kom í heimsókn snemma á árinu og veitti starfsmönnum margvíslega aðstoð og leiðbeindi um það sem betur mætti fara. Samstarf er á meðal þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímaminja og felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra minjasafna Sarpi.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands sem varð til með sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar ríkisins með gildistöku nýrra þjóðminjalaga 1. janúar 2013.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningamálum á Suðurlandi. Safnstjóri er gjaldkeri samtakanna.

Safnstjóri situr í stjórn Fischerssetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga.

Linda Ásdísardóttir situr í Minjaráði Suðurlands.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Linda Ásdísardóttir lauk námi sínu í safnafræði við Háskóla Íslands um haustið.


Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn á Höfn í Hornafirði dagana 16. – 18. september. Lýður Pálsson og Linda Ásdísardóttir sóttu farskólann. Þema skólans að þessu sinni var *Varðveisla til framtíðar?* Linda var með

innlegg á farskólanum um varðveislu náttúrugripa í Byggðasafni Árnesinga. Aðalfundur FÍSOS var jafnframt haldinn á farskólanum. Farskólinn tókst vel að mörgu leyti.

Starfsmenn safnsins sóttu ýmsa fundi sem haldnir voru og tengdust safnastarfi. Meðal annars vorfund safnaráðs í apríl og fundi sem námsbraut í Safnafræði stóð að öðru hverju allt árið.

Kynningar- og markaðsmál

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í mörgum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.



Heimasíðan www.husid.com er haldið lifandi með uppfærslu fréttu af starfsemi og róteringu ljósmynda á forsiðu.

Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar. Bob van Duin á Eyrarbakka aðstoðar við að halda úti síðunni sem er í Wordpress-vefkerfinu. Síðan er hýst hjá 1984 ehf.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“ og sömuleiðis halda hollvinir Hússins undir forystu Elínar Hansen í Minneapolis utan um síðuna „Descendants of The House (Húsið á Eyrarbakka)“.

Safnið var kynnt með annarri ferðaþjónustu á Eyrarbakka öðru hverju á árinu. Fundir voru haldnir meðal ferðaþjónustuaðila á Eyrarbakka snemma á árinu. Til stendur að gefa út afrifukort af Eyrarbakka og þrívíddarmynd af þorpinu til að hafa á vel völdum stað ferðalöngum til upplýsingar.

Safnið er félagi í Markaðsskrifstofu Suðurlands.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær verður nýttur til sýningahalds og garðurinn umhverfis verður almenningsgarður. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga er varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934. Áður en kom til kaupa á húsinu var gerð viðgerðar- og kostnaðaráætlun. Stjórn safnsins ákvað í kjölfarið að kaupa húsið og láta gera það upp í samræmi við niðurstöður hennar.

Á fundi stjórnar Byggðasafns Árnesinga þann 24. janúar 2012 var samþykkt að koma á fót hugmyndateymi um sýningahald í Kirkjubæ á Eyrarbakka. Auk þess var samþykkt að fá Jon Nordsteien arkitekt til hönnunarvinnu og að forgangsraða í viðgerðum Kirkjubæjar.

Á fundum hugmyndateymis var ákveðið að sýning í Kirkjubæ fjalli um heimili alþýðufólks á Eyrarbakka í kringum 1930. Sýningin myndi mótvægi við sýningu í Húsinu þar sem sýnt er heimili yfirstéttar. Hluti hússins verður notað sem móttöku- kennslu- fræðslu- og skemmtimenntunarrými. Í lok apríl 2012 var farið á fund Jóns Nordsteien og niðurstöður hugmyndateymisins kynntar fyrir honum.



Þá hófst vinna safnstjóra, smiðanna Gísla og Guðmundar Kristjánssona ásamt Joni Nordsteien við að lesa í húsið um leið og allt „modern“ úr húsinu var fjarlægt, þ.e. seinni tíma viðgerðir og viðbætur. Fór sú vinna fram öðru hverju fram í september 2012. Á grundvelli þess sem innri viðir hússins gáfu í ljós vann Jon Nordsteien nýjar teikningar að Kirkjubæ. Teikningar voru lagðar fyrir stjórn Byggðasafns Árnesinga og Skipulags og bygginganefnd Árborgar í september 2013.

Garðinum var haldið í horfi og var fyrsta skrefið að skrá niður plönturnar í garðinum eins og hann er núna. Eftir á að taka ákvörðun um hvernig hann verður hannaður. Súsanna Torfadóttir garðyrkjufræðingur sinnti garðinum.

Árið 2013 var Kirkjubær gerður upp að utan og tóku Gísli og Guðmundur Kristjánssynir verkið að sér. Viðgerðum á Kirkjubæ lauk vorið 2014. Sem áður sáu Gísli og Guðmundur um viðgerðir auk undirverktaka. Settur nýr panill á suðurbíslag og nýr veggur fyrir snyrtingu. Settur upp veggur sem afmarkar eldhús og stofu í miðrymi, ný eldhúsinnrétting var sett upp, málning sköfuð af gólfi og veggir málaðir. Í skemmu (norðurbíslagi) var grind á þaki lagfærð, nýr stigi og handrið sett upp, settir nýjir plankar á loft og gólfið flotað að nýju. Settar voru inn nýjir pottofnar og pípulagnir auk forhitara. Skipt var um raflagnir. Jon Nordsteien var arkitekt viðgerða.

Snemma árs 2014 var leitað ráðgjafar Hjörleifs Hjartarsonar um gerð sýningar í



Kirkjubæ. Hann mun semja með starfsmönnum safnsins texta sýningarinnar sem sett verður upp í Kirkjubæ vorið 2016. Hjörleifur kom á tvo fundi í febrúar þar sem lögð voru drög að sýningu í Kirkjubæ – Hús draumanna. Með honum funduðu Lýður Pálsson, Linda Ásdísardóttir og Sýlvía Kristjánsdóttir grafískur hönuður. Í fundargerð hópsins segir: „Hópurinn velti fyrir sér notkun sýningarrýmis með svefnherbergi, eldhús og stofu í huga. Ákveðið að þessi rými eru aðeins að litlum hluta sýnd sem vistarverur en að stærsta hluta notuð sem sýningarrými fyrir uppstillta sýningu. Nálgun á sýningu verður út frá hugmyndinni um að eiga sér draum og að framundan sé tími framfara þar sem draumar rætast. Nokkrar leiðir verða notaðar til að sýna framfarir, sumar sannar í tíma þar sem fortíðinni er ýtt burt fyrir nýjungum en einnig farið þá leið að skálda drauma heimilisfólks um hvað gæti orðið.“

Fjölmargir gripir Byggðasafns Árnesinga fá varanlegan sess á sýningu í Kirkjubæ þar sem andblær liðins tíma mun ráða ríkjum. Jafnframt verður sögunni miðlað með innihaldsríkum sýningatextum.

Héraðsnefnd og fagrað

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur nokkurra stofnanna og starfsnefnda á héraðsvísu.

Héraðsnefnd Árnesinga skipar stjórn safnsins til eins árs í senn. Arna Ír Gunnarsdóttir er formaður stjórnar, Valgerður Sævarsdóttir varaformaður og Róbert Hlökkversson ritari. Til vara eru Eggert Valur Guðmundsson, Guðmundur Oddgeirsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Stjórnarfundir urðu fimm á árinu. Stjórnarformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórnina. Einnig mál sem stjórnarmenn og safnstjóri leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2015


Rekstrartekjur	Þús. kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	23.100
Safnasjóður, rekstrarframlag og verkefnastyrkir	2.500
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	5.250
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	1.708
Styrkir og önnur framlög	300
Aðrar tekjur	307
Tekjufærðar tjónabætur	4.500
	37.665

Rekstrargjöld

Laun og launat. gjöld	25.995
Annar rekstrarkostnaður	8.363
Rekstur fasteigna	6.271
Afskriftir	857
	41.487
Hagnaður (Tap) fyrir fjármagnsliði	(3.822)
Vextir og verðbætur	31
(Tap) ársins	(3.791)

Eigið fé safnsins í fasteignum og bankainnistæðum nam 40,4 milljónum króna í árslok.

Eyrarbakka 25. apríl 2016,


Lýður Pálsson, safnstjóri.